



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

Alþingi 10.6.2015

Málsnr.: 1505119

Málalykill: 0345

Ályktun send öllum þingmönnum Suðurkjördæmis og hlutaðeigandi ráðherrum.

770. mál

Ályktun um atvinnumál

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn í Vogum 12. – 13. september 2014 leggur áherslu á mikilvægi þess að nauðsynleg skilyrði verði sköpuð til uppbyggingar öflugs atvinnulífs á Suðurnesjum.

Aðalfundurinn hvetur ríkisvaldið til að leggja sitt af mörkum í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu svo aðstæður fyrir þau fyrirtæki sem vilja hasla sér völl á Suðurnesjum séu til staðar. Auk almennra aðgerða telur aðalfundurinn nauðsynlegt að ríkisvaldið gæti jafnræðis þannig að iðnaðar- og hafnarsvæðið í Helguvík njóti sambærilegs stuðnings og verið er að veita framkvæmdum á Bakka við Húsavík með sérstakri löggjöf.

Ríkisvaldið er sérstaklega hvatt til að huga að flutningi opinberra stofnana og með fjölgun opinberra starfa til Suðurnesja, sem lið í þessari ráðstöfun. Jafnframt er ríkisvaldið hvatt til að huga vel að allri áætlanagerð m.a. uppbyggingu raforkumannvirkja, samgangna og fl. í tengslum við framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er mest á landsvísu því er mikil þörf fyrir uppbyggingu nýrra starfa á svæðinu.

Fundurinn krefst þess að ríkisvaldið leggist á árarar með sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum og stuðli að því að ný atvinnutækifæri verði til á Suðurnesjum.

Samþykkt.